



Fundargerð

Fimmtudaginn 7. júní 2012 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu félags- og skólaþjónustu á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Hörður Ríkharðsson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri

Á fundinn mættu einnig undir 1. dagskrárlið Ágúst Hafsteinsson arkitekt Ágúst Þór Bragason og Sigríður Hrönn Bjarkadóttir forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara á Blönduósi.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Tillögur að breytingum í kjallara Hnitbjarga

Ágúst Hafsteinsson arkitekt lagði fyrir stjórnina ýmsar tillögur að mögulegri hagræðingu á rými í kjallara Hnitbjarga. Miklar umræður urðu um þarfir og möguleika á breytingum.

Niðurstaða umræðunnar var að Ágúst myndi skoða enn frekari útfærslur á nýtingu rýmisins í ljósi þeirrar umræðu sem varð á fundinum.

2. Fjármál:

a) Ársreikningur 2011

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags og skólaþjónustu A-Hún. Í reikningnum kemur fram að heildartekjur samstæðu námum 150.581 þús. og rekstrargjöld 169.522 þús. fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 2.298 þús. Rekstrarafkoma var því neikvæð um samtals 21.240 þús. Í fjárhagsáætlun hafði verið gert ráð fyrir 17.906 þús. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Í sjóðstreymi kemur fram að lækkun á handbæru fé samstæðunnar var 15.133 þús.

Ársreikningurinn var samþykktur og jafnframt að stjórn þakkaði starfsmönnum sem héldu um rekstur félagsþjónustunnar fyrir aðhaldssama stefnu á árinu.

b) Samanburður rekstrartalna:

Fyrir fundinum lá samantekt um helstu rekstrartölur og áætlanir í maí árið 2012 og samanburður við sama tímabil árið 2011. Stjórn fór yfir fyrirbyggjandi tölur og ræddi reksturinn. Málið var til kynningar.

3. Starfsmannahald

Félagsmálastjóri greindi frá stöðu og horfum í starfsmannamálum þar sem breytingar og afleysingar eru fyrirbyggjandi m.a. með tilliti til fyrirhugaðs fæðingarorlofs starfsmanna. Fyrir fundinum lágu umsóknir um störf hjá félagsþjónustunni sem félagsmálastjóri er að vinna úr. Málið var til kynningar.

4. Drög að reglum um heimaþjónustu

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um félagslega heimaþjónustu sem félagsmálastjóri hafði samið. Miklar umræður urðu um stefnumótun og þjónustuskyldur við veitingu þjónustunnar. Samþykkt að vísa drögunum til félagsmálaráðs til umsagnar og taka reglurnar fyrir að nýju að frekari yfirferð lokinni.



5. Drög að reglum um ferðajónustu fatlaðra

Fyrir fundinum lágu leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um ferðajónustu fyrir fatlað fólk sem Velferðarráðuneytið hefur gefið út og umræðupunktur um nýjar reglur sem félagsmálastjóri hafði samið. Umræða varð um mótun reglna um ferðajónustuna en samþykkt að taka málið aftur fyrir þegar reglurnar hafa verið mótaðar betur.

6. Leiga í Hnitbjörgum

Félagsmálastjóri fór yfir ósk íbúa um að skipta um íbúð. Stjórn taldi ekki forsendur til að samþykkja það. Fyrir liggur ein umsókn um íbúð sem er þó ekki líkleg til að virka fyrir en umsækjandi hefur ráðstafað núverandi húsnæði sínu. Tvær íbúðir eru lausar í Hnitbjörgum.

7. Sambýlið

Félagsmálastjóri fór yfir viðhaldspörf á sambýlinu að Skúlabraut 22 og leitaði eftir sýn stjórnar á hvernig skuli staðið að viðhaldi og breytingum á húsinu. Ákveðið að fá samantekt á helstu viðhaldspáttum.

8. Önnur mál

Félagsmálastjóri kynnti bréf sem hún ritaði til Sjúkratrygginga Íslands með fyrirspurn um öryggishnappa fyrir íbúa í Hnitbjörgum. Í svari Sjúkratrygginga kemur fram að íbúðirnar séu taldar falla undir 4. lið 13. gr. laga um málefni aldraðra og því beri þeim ekki að styrkja slík hjálpartæki. Stjórnin samþykkti að fela félagsmálastjóra að svara bréfinu og leiðrétta skilning SÍ á skilgreiningu um íbúðirnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.25

Magnús Sigurðsson,

Hörður Ríkharðsson,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson